

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 175. mál.

560. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Fá mál sýna betur en þetta hversu langt framkvæmdarvaldið getur gengið í tillitsleysi við Alþingi. Þegar niðurstaða eigendanefndarinnar lá fyrir ákvað iðnaðaráðherra að halda blaðamannafund fremur en að kynna Alþingi málið. Hann varð að lokum knúinn til þess með umræðum utan dagskrár á Alþingi að skýra lauslega frá málinu. Málið kom svo til meðferðar fyrir áramót og fyrir harðfylgi stjórnarandstöðunnar gafst tími til þess yfir áramótin að skoða málið áfram.

Aðalrök ríkisstjórnarinnar í málinu eru þau að eigendur eigi að fá eitthvað fyrir eigendaframlög sín. En hver eru þau og hvað hafa eigendurnir fengið?

Til ársloka 1995 hafði Landsvirkjun greitt ríkinu 435 millj. kr. í svokallað ábyrgðargjald. Það er gjald fyrir það að ríkið er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum lánnum Landsvirkjunar. Til þess að jafna á milli eignaraðilanna hafa aðrir eignaraðilar einnig fengið greitt ábyrgðargjald. Þannig hefur Reykjavík fengið 388 millj. kr. í ábyrgðargjald og Akureyri 48 millj. kr. Samtals hafa aðilarnir því fengið 871 millj. kr. í ábyrgðargjald á verðlagi ársins 1995.

Eignaraðilarnir hafa líka fengið arð, gagnstætt því sem oft er látið í veðri vaka. Ríkið hefur fengið 291 millj. kr. í arð, Reykjavík 261 millj. kr. og Akureyri 29 millj. kr. Samtals hafa eignaraðilarnir fengið 581 millj. kr. í arð til loka ársins 1995 á verðlagi þess árs.

Hvað hafa eignaraðilarnir látið af hendi rakna? Þeir hafa innt af hendi framlög sem hér segir: Ríkið 1.074 millj. kr., Reykjavík 957 millj. kr. og Akureyri 118 millj. kr.

Samtals hafa eigendurnir greitt 2.149 millj. kr. samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar. Fyrir það hafa eigendurnir fengið 581 millj. kr. í arð en 871 millj. kr. hefur auk þess runnið til þeirra í ábyrgðargjald. Arðurinn af eigninni er því 27% af raunverulegu framlagi eigenda, en ef ábyrgðargjaldið er reiknað með kemur í ljós að tekjur eignaraðilanna af fyrirtækinu hafa numið 67% af höfuðstól sem er ekki slæmt.

Nú er hins vegar fundin upp önnur aðferð til að reikna út tekjur handa eignaraðilunum. Það er gert með því að eignir Landsvirkjunar eru metnar eins og þær hafi allar komið af eigendaframlögunum, að þau ein hafi í raun skapað tekjurnar. Þegar það liggur fyrir kemur í ljós að eignin er allt of mikil og þess vegna eru eigendaframlögin áætluð 14 milljarðar kr. Þau mynda síðan útreikning til arðs eins og segir í samkomulagi eignaraðilanna frá 28. október sl.

Arðurinn verður samkvæmt samkomulaginu ekki reiknaður af 2.149 millj. kr. heldur af 14 milljörðum kr., sjö sinnum hærri upphæð en þeirri sem eigendur hafa lagt fram. Þetta er því ekki arður heldur skattur sem lagður eru á rafmagnsnotendur í landinu til framtíðar.

Miðað er við að arðurinn verði 5,5% af endurmetnum eigendaframlögum. Hann á þó ekki allur að koma til útborgunar heldur fer það eftir vissum reglum sem meira að segja

takmarkast við afkomu fyrirtækisins! Það sem eftir er af arðinum bætist hins vegar við höfuðstól 14 milljarðanna og verður þannig grunnur fyrir arð framtíðarinnar. Með þessu móti eru eigendur að reikna sér 500–700 millj. kr. í tekjur af fyrirtækinu á ári. Sé gert ráð fyrir að það verði 600 millj. kr. til að byrja með eru þær 600 millj. kr. 28% af raunverulegu en ekki reiknuðu eigendaframlagi. Þannig er fullvíst að þessi framlög færa eigendum sínum hærra arð en nokkur dæmi eru til um annars staðar í heiminum.

Aðalrök iðnaðarráðherra hafa verið þessi: Borgin vildi fá að vita hvað hún gæti haft upp úr eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Hún óskaði því eftir að stofnuð yrði eigenda-nefnd. Akureyrarbær tók undir með Reykjavík. Þess vegna skipaði ráðherrann nefndina. Í henni voru embættismenn frá ríkinu en stjórnámálemenn frá borginni. Þeir síðarnefndu réðu því ferðinni. Þeir voru Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður stjórnar veitustofnana, og Vilhjálmur Vilhjálmsson, borgarráðsmaður Sjálfstæðisflokksins, sem jafnframt er formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnarmaður í Landsvirkjun. Þá var í nefndinni Jakob Björnsson sem er bæði bæjarstjóri á Akureyri og stjórnarmaður í Landsvirkjun. Hann er auk þess Framsóknarmaður. Það voru því pólitískir fulltrúar stjórnarflokkanna í þessum tveimur bæjarfélögum sem komu að málinu. Öðrum pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna var haldið utan við málið sem fór leynt til síðustu stundar og að sjálfsögðu var stjórnarandstaðan ekki höfð með í ráðum. Niðurstaðan varð sú að eigendurnir eiga að geta tekið hundruð milljóna króna út úr fyrirtækinu á hverju ári. Þá fjármuni geta þeir notað til að lækka verðið á raforku til viðskiptamanna sinna, til þess að lækka útsvar eða skuldir eða til að fjárfesta í öðrum verkefnum. Einnig er ljóst að arðgreiðslurnar til eigendanna eru settar fram en verðið til almennings.

Auðvitað var samningurinn samþykktur samhljóða í borgarstjórn Reykjavíkur og í bæjarstjórn Akureyrar. Samningurinn er þessum stofnunum ótrúlega hagstæður en þegar á heildina er litið hlýtur að verða að skoða hann mjög gagnrýnið. Það á við um alla alþingismenn. Eins og kom í ljós við 1. umræðu málsins átti iðnaðarráðherra ekki einn einasta stuðningsmann og stjórnarliðar sem tóku til máls gagnrýndu samninginn harðlega.

Niðurstaðan, þ.e. að eignaraðilar fengu fjármuni út úr Landsvirkjun, væri í sjálfu sér ágæt ef svo vildi til að eignaraðilarnir hefðu lagt fram beinharða peninga í fyrirtækið. Sú er þó ekki raunin nema að takmörkuðu leyti eins og sýnt hefur verið fram á. Þeir sem hafa byggt upp Landsvirkjun eru neytendur um allt land að Reykvíkingum meðtöldum. Niðurstaða eigendanevndarinnar er fráleit miðað við allar aðstæður í landinu. Hún skapar ófrið um Landsvirkjun og stofnar í hættu þeirri sátt sem verið hefur um Landsvirkjun sem fylgt hefur verðjöfnunarstefnu samkvæmt lögum.

Afstaða þeirra sem komu til viðtals við iðnaðarnefnd um málið var sú sama. Þeir sögðu sem svo að með frumvarpinu væru eigendur að setjast yfir brád sem þeir ættu alls ekki.

Af þessum ástæðum og öðrum sem síðar verða raktar leggur 2. minni hluti fram frá-vísunartillögu um málið á sérstöku þingskjali þar sem einnig er lagt til að ríkisstjórninni verði gert að hefja samninga um málið á nýjan leik á nýjum forsendum.

Verði Landsvirkjunarfrumvarpið knúið áfram óbreytt eins og flest bendir til mun það hafa í för með sér aukna mismunun í lífskjörum á Íslandi. Það mun minnka líkurnar á því að samstaða náist til lengri tíma í orkumálum í landinu. Það mun óhjákvæmilega hafa það í för með sér að einstakir landshlutar knýi á um að fá arðinn af orkuverum í eigin landshluta. Hvar yrðu Reykvíkingar settir ef Sunnlendingar gengju fram og heimtuðu sitt

á sama hátt og eigendaskýrslan gerir ráð fyrir? Hvar verða landsmenn staddir ef Austurland heimtar yfirráð yfir virkjununum miklu á Austurlandi ef þær á annað borð verða einhvern tímann að veruleika? Hvað á að segja við þá sem byggja Skagafjörð framanverðan ef Skagfirðingar heimta að reisa Villinganesvirkjun? Það er ljóst að verði þetta frumvarp að lögum mun allt kerfið sem byggt hefur verið upp liðast sundur. Hvað þýðir það? Það þýðir að að lokum verður raforkan dýrari og sóun samkeppninnar mun bitna fyrst á fjarlægustu byggðunum. Þessu munu stjórnarliðar svara með því að verðjöfnun verði stýrt í gegnum ríkissjóð. Það er ekki rétt. Skattgreiðsluvilji almennings er ekki svo mikill að unnt sé að treysa á hann til langframa í þessu efni.

Þá er það ónefnt að íslenska orkukerfið mun á næstu áratugum tengjast umheiminum. Með lagningu rafstrengs, sem ekki er verið að gera tillögu um en spáð er að verði raunin eftir 30 ár eða svo, tengist sundrað raforkukerfi Íslands hinum stóra umheimi sem aftur skapar forsendur fyrir erlend fyrirtæki til þess að hirða íslenskar orkulindir. Þess er svo loks að geta að sundruð greinin mun ekki ganga betur um landið en eitt fyrirtæki, Landsvirkjun, gerir. Landsvirkjun hefur setið undir þungri gagnrýni í umhverfismálum en fari svo að fyrirtækið klotni í mörg smáfyrirtæki sem eiga í innri samkeppni um virkjanir er landinu enn frekari hætta búin. Ábyrgð þeirra manna sem vilja knýja þetta mál óbreytt í gegnum Alþingi er því mikil.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru flestar óþarfar og rúmast innan gildandi laga. Þó eru nokkrar sem þarf að athuga sérstaklega:

1. Í 1. gr. er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild Landsvirkjunar til að hagnýta þá sérþekkingu sem fyrirtækið ræður yfir með verktöku og sölu innan lands og með eignaraðild að fyrirtækjum erlendis. Þessi tillaga er sprottin af því að fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur óskað samvinnu við Landsvirkjun, einkum erlendis. Það er eðlilegt að verða við þeirri ósk, en það er fráleitt að opna um leið fyrir það að Landsvirkjun geti beitt yfirburðarstyrk sínum í almennri samkeppni við íslensk fyrirtæki. Breytingin er því hæpin eins og fram kemur í umsögnum og óþarfi er að gera hana í tengslum við eigendasamkomulagið frá 28. október. Hún kemur því í rauninni ekkert við. Meiri hlutinn flytur breytingartillögur við þessa frumvarpsgrein. 2. minni hluti telur breytinguna til bóta, en engu að síður verður að undirstrika það aðalatriði að ekki er brýn þörf á að afgreiða þessa lagabreytingu á yfirstandandi þingi.
2. Aðalbreypingin á lögnum samkvæmt frumvarpinu er að lögfesta að miða skuli arð við endurmetin eigendaframlög, þ.e. 14 milljarða kr., eins og fram kemur í eigendaskýrslunni. 2. minni hluti flytur tillögu um að fyrst skuli lækka raforkuverð áður en greiddur er út arður samkvæmt greininni. Verður fróðlegt að sjá hver viðbrögðin verða við þeirri breytingartillögu.
3. Stjórnarmönnum er fækkað. Ráðherra á einn að skipa alla stjórnarmenn ríkisins. Þetta er fráleit tillaga eins og rakið verður í framsöguræðu 2. minni hluta og er því flutt breytingartillaga sem gerir ráð fyrir að Alþingi kjósi alla stjórnarmennina frá ríkinu svo sem verið hefur. Stjórnarflokkarnir réðu þessu máli einir til lykta við gerð eigendasamkomulagsins. Með lagabreytingartillögunni er gert ráð fyrir að enn verði hert á tókum stjórnarflokkanna á fyrirtækinu. Í þessu sambandi má minna á að í lok ársins er gert ráð fyrir að núverandi forstjóri fyrirtækisins láti af störfum. Stjórnin ræður forstjóra. Ekki er vafi á því að þessi staðreynd er ein meginástæða þess að stjórnarflokkarnir gera umrædda tillögu um breytingu á stjórninni.

4. Þá er gert ráð fyrir að breyta ákvæðum um verkaskiptingu stjórnar og forstjóra til samræmis við hlutfélagalög. Um það mál er enginn ágreiningur og hefði verið unnt að gera þá breytingu með því að breyta reglugerð eða með einfaldri stjórnarsamþykkt án lagabreytingar.
5. Til þess að færa fyrirtækið nær formi hlutfélags er gert ráð fyrir nýjum fundi, ársfundi, en núverandi ársfundir breytast í samráðsfundi. Hér er verið að auka umsvif og yfirstjórn að óþörfu og án nokkurra raka.
6. Ákvæði um ársreikninga eru færð til samræmis við hlutfélagalög og lög um ársreikninga. Þessar tillögur eru báðar þannig að um þær er full samstaða. Að sjálf-sögðu væri þó unnt án lagabreytinga að breyta reglum um ársreikninga Landsvirkjunar því að um það mál er og hefur verið full samstaða.
7. Í gildandi lögum eru ákvæði um að leita þurfi tillagna Þjóðhagsstofnunar áður en gjaldskrá fyrirtækisins er afgreidd. Það er fráleitt að fella þetta ákvæði niður um leið og arðgreiðslurnar eru festar í sessi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Þess vegna krefjast 1. og 2. minni hluti þess að því verði svo hagað að bera þurfi málið undir Samkeppnistofnun áður en gjaldskrá er breytt og gjöld hækkuð, en auk þess leggur 2. minni hluti til að sett verði inn ákvæði um að við ákvörðun gjaldskrár verði fylgt eigendasamkomulaginu um verðlækkun frá aldamótum.
8. Eitt alvarlegasta ákvæði frumvarpsins er um að kippa út úr lögnum eftirlitsmöguleikum Ríkisendurskoðunar og hafna 1. og 2. minni hluti þeirri tillögu. Hún er ekki síst fráleit fyrir að vera í frumvarpi sem einnig fellir brott úr lögnum rétt Alþingis til að kjósa stjórn.

Með vísan til framanritaðs leggur 2. minni hluti til að frávísunartillaga á þskj. 562 verði samþykkt en að öðrum kosti breytingartillögur þær sem 2. minni hluti leggur fram.

Alþingi, 3. febr. 1997.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Landsvirkjun,
fjármála- og markaðssvið:

**Minnisblað um Marshall-aðstoð
til stórfamkvæmda árin 1948–1953.
(27. nóvember 1996.)**

Eins og kunnugt er þá veittu Bandaríkin verulega aðstoð til Evrópu til uppbyggingar eftir síðari heimsstyrjöldina. Aðstoð þessi var kennd við George C. Marshall sem var utanríkisráðherra Bandaríkjanna en hann kynnti hana fyrst í ræðu á árinu 1947.

Ísland naut Marshall aðstoðar og var undirritaður samningur um efnahagssamvinnu við Bandaríkin 3. júlí 1948. Aðstoðin byggðist á óafturkræfum framlögum, lánum og skilorðsbundnum framlögum auk þess sem veitt var svokölluð tækniástoð. Langmestur hluti aðstoðarinnar voru óafturkræf framlög, eða 77,2% af heildaraðstoðinni. Óafturkræfu framlögin runnu til svokallaðs Mótvirðissjóðs sem síðan lánaði fé m.a. til stórfamkvæmda. Hér að neðan er sýnd skipting fjármögnunar Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Áburðarverksmiðjunnar í fjárhæðum á verðlagi hvers tíma og hlutfallsleg skipting:

A. Í milljónum króna

	<u>Sogs- virkjunin</u>	<u>Laxár- virkjunin</u>	<u>Áburðar- verksmiðjan</u>	<u>Samtals</u>
Lán af mótvirðisfé	117,0	43,0	76,0	236,0
ECA-lán	27,0	5,4	16,3	48,7
Lán hjá Alþjóðabanka	33,0	6,9	14,0	53,9
Annað	17,0	7,0	19,9	43,9
Samtals	194,0	62,3	126,2	382,5

B. Hlutfallstölur

	<u>Sogs- virkjunin</u>	<u>Laxár- virkjunin</u>	<u>Áburðar- verksmiðjan</u>	<u>Samtals</u>
Lán af mótvirðisfé	60,3	69,0	60,2	61,7
ECA-lán	13,9	8,7	12,9	12,7
Lán Hjá Alþjóðabanka	17,0	11,1	11,1	14,1
Annað	8,8	11,2	15,8	11,5
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0


Af þessu sést að umræddar framkvæmdir voru fjármagnaðar að 3/4 hlutum með lánum úr Mótvirðissjóði eða ECA-lánum (Economic Cooperation Administration). Þessi lán voru síðan endurgreidd á umsömdum lánstíma ásamt vöxtum.

Fylgiskjal II.

Upplýsingar um raforkuverð lagðar fram af
Landsvirkjun á fundi iðnaðarnefndar 28. nóvember 1996.

Mynd. 4.11


Raforkuverð til heimila í nokkrum löndum 1995 í
kr./kWh með sköttum og 3300 kWh ársnotkun



Raforkuverð til iðnaðar er einnig lægra hér á landi en að meðaltali í Evrópu. Á mynd 4.12 er sýndur samanburður á raforkuverði til iðnaðar fyrir notanda með 2,5 MW og 3500 MWh ársnotkun²⁰. Að meðaltali þurfa fyrirtæki af þessari stærð að greiða 5,1 kr./kWh en á Íslandi 4,6 kr./kWh Raforkuverð til fyrirtækja er hæst í Þýskalandi en lægst í Svíþjóð. Íslensk iðnfyrirtæki af þessari viðmiðunarstærð greiða hins vegar hæsta raforkuverð á Norðurlöndum.

Mynd 4.12

Raforkuverð til iðnaðar í nokkrum löndum 1995 í
kr./kWh án skatta með 2.5MW og 3500 MWh
ársnotkun



Mun meiri munur er á kostnaði heimila eftir búsetu vegna húshitunar en vegna rafmagnsnotkunar. Stór hluti þjóðarinnar á kost á mjög ódýrum jarðvarma til upphitunar. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu búa við orkuverð til húshitunar sem er um eða innan við 1 kr./kWh. Svo lágt orkuverð þekkist ekki annars staðar í Evrópu. Þeir sem kaupa rafmagn til húshitunar þurfa hins vegar að greiða mun hærri verð fyrir húshitun. Erfitt er hins vegar að bera saman orkuverð

²⁰ Hér er einnig notuð gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og tölur úr International Energy Prices.

Fylgiskjal III.**Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
(17. desember 1996.)**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þann 16. desember sl. var tekið fyrir bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. nóvember, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um Landsvirkjun, 175. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum:

Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eru skiptar skoðanir um efni frumvarpsins hvað varðar arðgreiðslur til eigenda varðar enda hagsmunir einstakra sveitarfélaga ólíkir.

Stjórnin er þó sammála um að eðlilegt sé að arðgreiðslur ríkisins frá Landsvirkjun verði nýttar til að greiða niður raforku til húshitunar og/eða til orkusparandi aðgerða.

Virðingarfyllt,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.**Bréf borgarstjórans í Reykjavík til iðnaðarnefndar.**
(18. desember 1996.)

Í framhaldi af umræðum og spurningum frá fulltrúum háttvirtrar iðnaðarnefndar þegar ég sótti fund hennar hinn 2. desember s.l. sendi ég hér með upplýsingar um (1) eigandaframlag Reykjavíkur í Landsvirkjun, (2) aðgerðir til jöfnunar og lækkunar raforkuverðs og (3) arðgreiðslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur til borgarsjóðs.

1. Eignarmyndun Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun

Við stofnun Landsvirkjunar var fyrirtækið Sogsvirkjun meginframlag eigenda, Reykjavíkurborgar og ríkisins að jöfnu - þá samtals 620 mkr. af 854 mkr. Reykjavíkurborg átti allt frumkvæði að stofnun Sogsvirkjunar og Rafmagnsveita Reykjavíkur stóð ein að byggingu fyrstu virkjunarinnar, Ljósafossvirkjunar. Framlag ríkisins til síðari virkjananna við Sogið var í formi vatnsréttinda tveggja jarða, ríkisábyrgðar á lán og skuldbindinga í samræmi við eignarhlutdeild. Í hjálagðri grein Aðalsteins Guðjohnsen rafmagnsstjóra í afmælisriti Verkfræðingafélags Íslands er að finna upplýsingar um fjármögnun virkjananna við Sogið.

Kemur m.a. fram að borgarstjóranum í Reykjavík tókst að tryggja lán til framkvæmda við Ljósafossvirkjunina. Voru það tveir bankar á Norðurlöndum, Einkabankinn í Stokkhólmi og Verslunarbancinn í Kaupmannahöfn sem gáfu út skuldabréfalán fyrir meginhluta kostnaðarins, en það sem á vantaði var fengið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við fjármögnun Írafosstöðvar voru fengið lán í Bandaríkjunum, svonefnd ECA lán, einnig lán frá Alþjóðabankanum fyrir erlendum kostnaði en lán úr Mótvirðissjóði fyrir innlendum kostnaði. Til greiðslu á tollum og öðrum opinberum gjöldum var tekið innlent skuldabréfalán. Vegna virkjunar við Efra-Sog, Steingrímsstöðvar, var útvegað lán í Bandaríkjunum fyrir milligöngu Framkvæmdabankans og ríkisstjórnar. Tollar og önnur opinber gjöld voru fjármögnuð með láni sem Landsbanki Íslands bauð út innanlands. Öll lán sem tekin voru til þessara framkvæmda voru að fullu endurgreidd.

Peningaframlög Reykjavíkurborgar til Landsvirkjunar hafa öll verið greidd af Rafmagnsveitu Reykjavíkur og eru sýnd á hjálögðu yfirliti. Peningaframlögin frá 1965 nema 1.253 mkr. auk nettó-stofnframlags upp á 1.914 mkr.

2. Aðgerðir til jöfnunar og lækkunar raforkuverðs

Fella má eftirtaldar aðgerðir á árabílinu frá 1965 til 1994 undir þennan tölulið.

- **Verðjöfnunargjald** var lagt á með lögum árið 1965. Fyrst var gjaldið föst upphæð á heildsöluverð, tvöfölduð nokkrum árum síðar og loks stórhækkuð og lögð á smásölustig. Gjaldið var afnumið 1986. Rafmagnsnotendur um allt land greiddu gjaldið og að mati Rafmagnsveitu Reykjavíkur er áætlað að af 13,8 milljörðum kr. hafi 6 milljarðar kr. komið frá íbúum á orkuveitusvæði RR. Gjaldið var ekki lagt á verð á raforku til hitunar, sem er verulegur hluti orkusölu RARIK og Orkubús Vestfjarða. Þannig er talið að rúmlega 70% af verðjöfnunargjaldinu hafi komið frá sveitarfélögunum utan RARIK og Vestfjarðasvæðisins.
- **Lánayfirtökur ríkissjóðs vegna RARIK, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar**, samtals 12,6 milljarðar kr. fóru að mestu fram á árunum 1978, 1986, 1987 og 1989.
- **Lánayfirtökur ríkissjóðs vegna byggðalína og Kröflu** samtals 8,5 milljarðar kr. fóru fram á árunum 1982 og 1985. Þótt færa megi nokkur rök fyrir því að bæði línunarnar og virkjunin kunni að hafa þýðingu fyrir höfuðborgarsvæðið er ótvírætt að í þessu fólst tilflutningur fjár frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.
- **Niðurgreiðslur ríkissjóðs til rafhitunar og styrkir vegna rafvæðingar í sveitum** eru aðgerðir, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins kosta jafnt og aðrir landsmenn.
- **Afsláttur Landsvirkjunar vegna rafhitunar** greiðist að verulegum hluta af íbúum á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Auk alls ofangreinds er rétt að benda á að jöfnunargjaldskrá Landsvirkjunar hefur haft í för með sér gífurlegan tilflutning fjár. Raforka er seld samkvæmt sömu gjaldskrá frá 23 sölustöðum í mjög mismikilli fjarlægð frá virkjunum og í nálægð við mjög misstóran markað. Flutningskostnaður Landsvirkjunar er afar mismunandi eftir landshlutum eins og glögglega hefur komið fram m.a. á ársfundum Landsvirkjunar og orkuþingum. Íbúar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur njóta því ekki stærðar og hagkvæmni markaðarins á þessu svæði. Auk þess taka þeir þátt í verðjöfnuninni bæði sem helmingur þeirra landsmanna sem eiga hlut ríkisins í Landsvirkjun og sem eigendur 45 hundraðshluta í Landsvirkjun gegnum Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

3. Arðgreiðslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur til borgarsjóðs

Hjálögð fylgir samantekt Rafmagnsveitu Reykjavíkur vegna arðgreiðslna í borgarsjóð á árunum 1990 til 1997. Fram til ársins 1994 var arðgreiðsla ákveðin af hreinni heildareign, þ.e. samanlagðri eigin eign RR og eign í Landsvirkjun. Eftir það hefur arðgreiðsla verið tvískipt.¹

Jafnframt því sem ég þakka tækifæri til þess að koma upplýsingum á framfæri við háttvirta iðnaðarnefnd Alþingis legg ég áherslu á, að borgaryfirvöld eru því fylgjandi að sem mestur jöfnuður ríki í landinu og milli landshluta. Sem eigendur að Landsvirkjun hafa þau stutt þá verðjöfnun sem felst í samræmdri gjaldskrá til allra afhendingarstaða. Það er hins vegar bæði eðlilegt og sanngjarnt að hægt sé að glöggva sig á því hve mikil verðjöfnun er í einstökum tilvikum og að verðlagning á raforku sé sæmilega „gegnsæ“, þ.m.t. flutningskostnaður. Þá hlýtur það að teljast óeðlilegt að fyrirtæki eins og Landsvirkjun sé starfrækt án þess að hæfilegur arður sé greiddur af bundnu fé eigenda. Raunar stangast það beinlínis á við ákvæði gildandi laga um fyrirtækið þar sem segir að raforkuverð skuli við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Sú niðurstaða sem nefnd eigenda komst að um hóflegar arðgreiðslur rúmast svo sannarlega innan þess ramma.

Með bestu kveðju,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fskj.

Rafmagnsveita Reykjavíkur,
hagdeild:

Framlög Rafmagnsveitunnar til Landsvirkjunar í milljónum króna

Ár	Framlag	Hluti RR	Vísitala	Núvirði	Samtals
1965	7,405 Framlagðar eignir 5,491 Yfirtekin lán				
	1,914 Nettó-stofnframlag		0,266	1.567,2	
Framlög greidd í peningum:					
1965	0,20	50%	0,266	163,8	
1966	0,15	50%	0,309	105,7	
1967	0,15	50%	0,317	103,1	372,5 ¹⁾
1970	0,41	50%	0,511	174,8	
1972	1,25	50%	0,700	390,3	
1974	0,58	50%	1,326	95,3	
1975	0,62	50%	1,973	68,4	
1976	0,55	50%	2,431	49,3	
1979	0,90	50%	6,580	29,8	
1980	3,27	50%	9,820	72,6	880,4 ²⁾
Samtals peningaframlög á verðlagi í desember 1996				1.253,0	1.253,0

Byggingarvísitala í desember 1996

217,8

¹⁾ Samningsbundin stofnframlög²⁾ Önnur peningaframlög

Heimild: ársreikningar Landsvirkjunar og Reykjavíkurborgar 1966-1980

Fylgiskjal V.**Umsögn Ríkisendurskoðunar.**

(16. desember 1996.)

Á fundi nefndarinnar hinn 12. þ.m. var óskað eftir umsögn Ríkisendurskoðunar um þau ákvæði frumvarps til laga um Landsvirkjun er fjalla um fjárhagsendurskoðun og eftirlit með fjárreiðum fyrirtækisins. Umsögn stofnunarinnar fer hér á eftir.

Ríkisendurskoðun sýnist frumvarpið koma til með að skerða verulega eftirlit eða öllu heldur eftirlitsmöguleika þingsins með Landsvirkjun. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins mun ráðherra framvegis en ekki Alþingi velja fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Við þetta verður að telja að möguleikar Alþingis til þess að fylgjast með málefnum fyrirtækisins og hafa eftirlit með þeim þrengist. Á sama hátt og þó einkum í ljósi þess hve miklir hagsmunir ríkis og þjóðar eru bundnir í fyrirtækinu virðist ákvæði 7. gr. frumvarpsins falla í sama farveg. Ákvæðið mun skerða beina eftirlitsmöguleika eignaraðila með fyrirtækinu, nái frumvarpið óbreytt fram að ganga. Eftir slíka breytingu blasir við að endurskoðunar- og eftirlitsheimildir þeirra gagnvart fyrirtækinu verða mun þrengri en t.d. gagnvart öðrum stofnunum, sjóðum eða fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira. Hinir fjárhagslegu hagsmunir sem eru í húfi eru þó að jafnaði margfalt minni í þessum fyrirtækjum en í Landsvirkjun. Skal þetta rakið nánar.

Ráðherra mun framvegis skipa fulltrúa ríkisins í stjórn fyrirtækisins nái frumvarpið fram að ganga. Áður voru þeir kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Þetta er í ætt við fyrirvar ráðherra á hlutafélögum og í raun ekki dregin dula yfir það í frumvarpinu að þær lúti að því að gera stöðu og stjórnskipulag fyrirtækisins sem líkast hlutafélagi. Það skref er þó ekki stigið til fulls að sinni, líklega einkum vegna óljósra áhrifa slíkrar breytingar á skuldir þess. Þetta skerðir að formi til a.m.k. beina möguleika þingsins til þess að hafa eftirlit með rekstri fyrirtækisins með því að kjósa menn í stjórn þess.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að kjósa endurskoðendur fyrirtækisins í stað þess að stjórn þess ráði þá. Þessi breyting er í sjálfu sér ekki óeðlileg og tengist undirbúningi að því að gera fyrirtækið að hlutafélagi. Á hinn bóginn er felld niður heimild eigenda til þess að tilnefna sérstakan endurskoðanda til að endurskoða reikninga fyrirtækisins ásamt hinum ráðna endurskoðanda. Að þessu leyti eru heimildir til eftirlits þrengdar verulega. Reyndar hefur nýting þessarar heimildar verið á hendi ráðherra en ekki þingsins en það breytir ekki hinu að hún er til

staðar og henni má beita. Þetta skýtur svolítið skökku við þegar til þess er litið að frumvarpshöfundar gera sér fyllilega grein fyrir því að hagsmunir Landsvirkjunar í bráð og lengd séu í raun þjóðarhagsmunir.

Litið hefur verið svo á að þar sem sérákvæðum Landsvirkjunarlaga um að stjórn Landsvirkjunar skuli ráða endurskoðendur voru ekki sérstaklega felld úr gildi við gildistöku laganna um Ríkisendurskoðun á sínum tíma líkt og gert var vegna annarra fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins, sem féllu undir endurskoðunarumboð stofnunarinnar ber Ríkisendurskoðun ekki að endurskoða fyrirtækið. Ekki hefur fengist skýring á því hvers vegna sameignarfélög voru undanskilin þessari ákvörðun. Hitt er að þessi skipan er andstæð þeirri meginreglu 6.gr. laganna um Ríkisendurskoðun að stofnunin skuli annast endurskoðun ársreikninga allra fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins að hálfu eða meira. Í ljósi hinna gífurlegu hagsmuna sem ríkið á í húfi í fyrirtækinu verður ekki í fljótu bragði komið auga á þau sjónarmið sem réttlæta að Ríkisendurskoðun skuli hafa minni endurskoðunar- og eftirlitsmöguleika gagnvart fyrirtækinu en öðrum fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira.

Þó Ríkisendurskoðun beri ekki að endurskoða reikninga Landsvirkjunar er henni heimilt skv. 7. gr. laganna um stofnunina að rannsaka reikningsskil fyrirtækisins og kalla eftir upplýsingum og gögnum sem þýðingu geta haft við slíka rannsókn. Framkomnar hugmyndir breyta engu um þessar heimildir. Hitt er að þær eru ekki eins rúmar og þær sem fylgja hinu almenna endurskoðunarumboði stofnunarinnar því þá hefur hún aðgang að öllum gögnum en ekki aðeins þeim sem þýðingu hafa vegna hinnar tilteknu rannsóknar. Rannsóknarheimild þessi nær til þess að gæta hagsmuna ríkisins samkvæmt þeim reglum sem um reksturinn gilda en veita stofnuninni ekki sérstakan rétt umfram það.

Í gildandi lögum um Landsvirkjun er ekki að finna sérstök ákvæði um bókhald og reikningshald. Hins vegar er kveðið á um að ráðherra setji nánari reglur um reikningshald og endurskoðun í reglugerð. Slík reglugerð hefur ekki verið sett. Almennar reglur hafa því gilt um bókhald og ársreikninga Landsvirkjunar utan þess að í lögum um stofnunina er að finna sérstök fyrirmæli um endurskoðun. Ársreikningalögin gilda m.a. um sameignarfélög og því aðeins ber að víkja frá ákvæðum þeirra ef sérlög gera jafnmiklar eða ríkari kröfur til ársreikningagerðar en þau. Eins og áður segir eru ekki sérstök fyrirmæli um ársreikningagerð í gildandi lögum. Því er í raun óþarfi að áréttu það í lögum um Landsvirkjun að lögin um ársreikninga skuli gilda um fyrirtækið.

Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að ákvæði laga um stofnunina eigi að gilda um Landsvirkjun eins og önnur fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Í tilviki Landsvirkjunar kæmi til álita að stofnunin hefði samráð við Borgarendurskoðun um skipan fjárhagsendurskoðunar á hverjum tíma þar sem Borgarsjóður á rúmlega 40% eignaraðild að Landsvirkjun.

Sig. Þórðarson.

Fylgiskjal VI.

Umsögn Orkubús Vestfjarða.
(9. desember 1996.)

Með bréfi dags. 26. nóvember 1996 var óskað umsagnar Orkubús Vestfjarða um frumvarpið. Kristján Haraldsson Orkubússtjóri mætti á fund nefndarinnar 2. des. s.l. og skýrði sjónarmið Orkubús Vestfjarða varðandi frumvarpið. Skrifleg umsögn um frumvarpið fer hér á eftir:

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er frumvarpi þessu mótmælt og þess óskað að það nái ekki fram að ganga.

Fyrir þessari afstöðu liggja margvísleg rök og eru þau helstu:

1. Útreikningi á "eigendaframlögum" er hafnað. Langstærsti hluti þessara framlaga myndast samkvæmt útreikningnum þegar Sogsvirkjanir eru lagðar inn í Landsvirkjun 1965 ásamt vatnsréttindum í Tungná og Þjórsá og þegar Laxárvirkjun sameinast Landsvirkjun 1983.
Hver voru raunveruleg peningaframlög eigenda til þessara virkjana?
Með sömu aðferðafræði geta eigendur Landsvirkjunar stofnað nýtt orkufyrirtæki og lagt Landsvirkjun inn í það og "eigendaframlögin" í nýja orkufyrirtækinu væru þá 26 milljarðar króna.
2. Landsvirkjun hefur í skjóli einokunaraðstöðu á orkuvinnslusviðinu getað haldið uppi gjaldskrá sem hefur legið langt fyrir ofan langtímajaðarkostnað orkuverðs frá nýjum virkjunum (nú tæpum 50% hærri) og er það hin raunverulega ástæða fyrir mjög hraðri eignamyndun fyrirtækisins og góðri stöðu þess.
3. Landsvirkjun hefur til þessa fjármagnað framkvæmdir sínar að stærstum hluta með lánsfé og aðeins að örlitlum hluta með framlögum eigenda. Af lánsfé eru greiddir vextir og er horft til þeirra og reyndar allra annarra kostnaðarþátta þegar gjaldskrá Landsvirkjunar er sett. Það eru því kaupendur orku af Landsvirkjun sem bera fjármagnskostnað af framkvæmdalánunum. Eðlilegt er talið að eigendur njóti arðs af raunverulegum peningaframlögum sínum.

4. Oft er minnst á ábyrgð eigenda á rekstri Landsvirkjunar. Hver er þessi ábyrgð hjá fyrirtæki sem hefur einokunaraðstöðu, framleiðir afurð sem enginn getur verið án og engin samkeppni til staðar? Hún virðist lítil sem engin, öllum áföllum í rekstri fyrirtækjanna er velt yfir á orkukaupendur með hærri gjaldskrá. Í þessu sambandi má t.d. benda á hærri kostnað Landsvirkjunar vegna Blöndu, sem greiddur er af orkukaupendum með hærri gjaldskrá.
5. Varðandi 8. grein frumvarpsins er bent á að opinbert eftirlit er nauðsynlegt með gjaldskrársetningu fyrirtækja sem starfa á einokunarmarkaði.
6. Ef þetta frumvarp verður að lögum heftir það alla þróun í frjálsræðisátt í orkuvinnslunni og festir í sessi einokunaraðstöðu Landsvirkjunar.
7. Lagafrumvarp þetta hefur þann eina tilgang að bæta fjárhagslega stöðu eigenda Landsvirkjunar á kostnað orkukaupenda. Eigendur Landsvirkjunar eru að reyna að fá stimpil Alþingis á þá reikningsleikfimi að framlög þeirra til fyrirtækisins nemi rúmum 14 milljörðum króna til þess að geta síðan krafist arðs af þeirri upphæð. Að öðru leiti er hér verið að setja gamalt kerfi í nýjan búning án þess að nokkur markverð breyting verði á gamla kerfinu. Innihaldið er óbreytt þrátt fyrir nútímalegar umbúðir.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkubús Vestfjarða

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri.

Fylgiskjal VII.**Bréf frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
um samanburð á raforkuverði.**

(9. desember 1996.)

Vísað er til fundar iðnaðarnefndar 28. nóvember sl. Á fundinum var nokkrum spurningum beint til fulltrúa iðnaðarráðuneytisins og fulltrúa Landsvirkjunar sem kallaðir höfðu verið á fund nefndarinnar. M.a. var óskað eftir gögnum frá ráðuneytinu um raforkuverð erlendis, samanburð við orkuverð hér á landi o.fl. Hér verður leitast við að verða við þessum óskum.

1. Samanburður UNIPEDA (Alþjóðlegra samtaka raforkuframleiðenda og seljenda) á verði á raforku til iðnaðar og heimila. Á fylgiskjali 1 er úrvinnsla Samorku á samanburði UNIPEDA á verði raforku til iðnaðar og heimila í 18 löndum miðað við 1. janúar sl.

2. Sænskar upplýsingar um samanburð á raforkuverði í nokkrum löndum (heimild: "Omställning av energisystemet." Slutbetänkande av Energikommisionen, 1995). Á fylgiskjali 2 er ljósrit af kafla 9.7 úr skýrslunni. Sérstök athygli er vakin á töflu 9.3 sem sýnir samanburð á raforkuverði til orkufreks iðnaðar í nokkrum löndum (í töflunni er miðað við að verðið í Svíþjóð sé 100).

3. Raforkuverð í Noregi (heimild "Faktaheftet 96." Energi- og vassdragsvirksometen i Norge). Á fylgiskjali 3 er ljósrit af 8. kafla heftisins um orkumarkaðina og orkuverð. Á myndum 8.6.1, 8.7.1 og 8.8.1 er raforkuverðið í orkukauphöllinni sýnt. Rétt er að benda á að á verðið sem sýnt er á myndunum legst gjald fyrir flutning og dreifingu orkunnar.

4. Innlendir samanburður á raforkuverði. Á fylgiskjali 4 er samanburður sem Samorka hefur gert á gildandi gjaldskrár rafveitna miðað við heimilstaxta, afltaxta og hitunartaxta. Rétt er að ítreka það sem kemur fram á fylgiskjalinu að samanburður á afltöxtum getur verið villandi.

F.h.r.

*Jón Ingimarsson.**Ragnheiður Kristjánsdóttir.*

Fskj.

Samorka:

Samanburður UNPEDE á verði raforku til iðnaðarnotkunar 1. janúar 1996


Verð eru án skatta og miðuð við gengi. 30.08.96

Notandi: B2, 500 kW, 2.500 klst. nýtingartími

Skst.	Land	Erl. mynt	ISK
DK	Danmörk	0,347	4,02
FI	Finnland	0,335	4,98
CA	Kanada	0,103	4,98
IS	Ísland	5,680	5,68
FR	Frakkland	0,498	6,53
GB	England	0,064	6,60
IT	Ítalía	158,220	6,95
IE	Írland	0,065	6,98
ES	Spánn	13,470	7,15
PT	Portúgal	16,700	7,31
NL	Holland	0,187	7,47
BE	Belgía	3,570	7,78
AT	Austurríki	1,330	8,48
CH	Sviss	0,154	8,53
DE	Þýskaland	0,191	8,58
JP	Japan	17,170	10,50
NO	Noregur	ND	
SE	Svíþjóð	ND	

ND: Viðkomandi land gefur ekki upp verð.

Samanburður raforkuverðs í nokkrum aðildarlöndum UNIPEDÉ
Iðnaðarnotkun - 2.500 klst. nýtingartími




Samanburður UNIPEDÉ á verði raforku til iðnaðarnotkunar 1. janúar 1996

Verð eru án skatta og miðuð við gengi 30.08.96
Nýtingartími 4.000 stundir.

Skst.	Land	Erl. mynt	ÍSK
DK	Danmörk	0,346	4,01
CA	Kanada	0,085	4,12
FI	Finnland	0,285	4,24
IS	Ísland	4,580	4,58
FR	Frakkland	0,420	5,51
IT	Ítalía	130,510	5,73
GB	England	0,056	5,83
NL	Holland	0,149	5,94
IE	Írland	0,057	6,13
ES	Spánn	12,030	6,38
PT	Portugal	14,810	6,48
BE	Belgía	3,010	6,56
AT	Austurríki	1,080	6,89
DE	Þýskaland	0,171	7,65
CH	Sviss	0,156	8,61
JP	Japan	14,410	8,81
NO	Noregur	ND	ND
SE	Svíþjóð	ND	ND

ND: Viðkomandi land gefur ekki upp verð.

Samanburður raforkuverðs í nokkrum aðildarlöndum UNIPEDÉ
lónaþarmotkun - 4.000 klst. nýtingartími




Samanburður UNPEDE á verði raforku til heimilisnotkunar 1. janúar 1996
Verð eru með sköttum og miðuð við gengi. 30.08.96

Ársnotkun 3.500 kWst.

Skst.	Land	Erl. mynt	ISK
CA	Kanada	0,130	6,32
FI	Finnland	0,518	7,70
IS	Ísland	8,000	8,00
SE	Svíþjóð	0,826	8,30
GB	England	0,090	9,27
CH	Sviss	0,192	10,60
IE	Írland	0,107	11,54
NL	Holland	0,293	11,73
PT	Portugal	27,390	11,99
AT	Austurríki	1,920	12,25
ES	Spánn	23,520	12,48
FR	Frakkland	1,001	13,12
DK	Danmörk	1,176	13,64
BE	Belgía	6,800	14,81
JP	Japan	24,800	15,16
DE	Þýskaland	0,350	15,70
IT	Ítalía	413,020	18,13
NO	Noregur	ND	

ND: Viðkomandi land gefur ekki upp verð.

Samanburður raforkuverðs í nokkrum aðildarlöndum UNIPEDÉ
Heimilisnotkun, 3.500 kWst ársnotkun



GJALDSKRÁRSAMANBURÐUR


Raforkutaxtar - Samanburður gerður 14. maí 1996.

Almennir taxtar - Heimilistaxtar

Gjaldskrárverð með VSK

	Gildis- taka	Taxti	Fastagjald kr/ár	Orkugjald kr/kWh	Verð í kr./kwh, miðað við 600 - 5.000 kWh ársnotkun.				
					kWh	600	1200	1700	3500
1 Suðurnes	01.apr.96	A1	2739	6,54	11,11	8,82	8,15	7,32	7,09
2 Akureyri	01.jan.96	A1	3042	6,82	11,89	9,36	8,61	7,69	7,43
Akranes heimili	01.maí.96	B1	2840	7,20	11,93	9,57	8,87	8,01	7,77
3 Reykjavík	01.apr.96	A1	3175	7,33	12,62	9,98	9,20	8,24	7,97
4 Hafnarfjörður	01.apr.96	B1	3180	7,33	12,63	9,98	9,20	8,24	7,97
5 Akranes almennur	01.maí.96	A1	2840	7,61	12,34	9,98	9,28	8,42	8,18
6 Selfoss	01.okt.93	A1	3323	7,61	13,15	10,38	9,56	8,56	8,27
7 Hveragerði	01.ágú.93	A3	3268	7,84	13,29	10,56	9,76	8,77	8,49
8 Vestmannaeyjar	19.apr.96	A1	2871	8,01	12,80	10,40	9,70	8,83	8,58
9 Sauðárkrókur	01.okt.91	B1	0	8,86	8,86	8,86	8,86	8,86	8,86
10 Húsavík	01.maí.96	A2	3466	7,99	13,77	10,88	10,03	8,98	8,68
11 Vestfirðir	01.apr.96	A1	4394	7,75	15,07	11,41	10,33	9,01	8,63
12 Reyðarfjörður	01.maí.96	2.1	4482	8,02	15,49	11,76	10,66	9,30	8,92
13 Rarik	01.apr.96	A1	4758	8,11	16,04	12,08	10,91	9,47	9,06

**Samorka - Gjaldskrársamanburður.
Heimilis- Almennur taxti m.v. 3500 klst. nýtingu.**



Raforkortartar - Samanburður gerður 14. maí 1996.

GJALDSKRÁRSAMANBURÐUR

Aftartar

Gjaldskrárverð með VSK						Meðalverð í kr./kwh, miðað við 1.600 - 7.000.000 kWh ársnotkun.				
Gildis- taka	Taxti gjald	Fasta- gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Hlutfall í afli %	Orkugjald kr/kWh	Meðalverð í kr./kwh, miðað við 1.600 - 7.000.000 kWh ársnotkun.				
						kW h	50 1600	50 2500	75 4000	100 6000
1 Suðurnes	01.okt.91 B1	6848	9960	100	2,71	9,02	6,75	5,22	4,38	4,13
2 Selfoss	01.okt.93 B1	10041	11791	90	2,68	9,44	7,01	5,37	4,47	4,20
3 Akureyri	01.jan.95 B1.V	61873	8639	94,7	3,97	##	9,03	6,91	5,39	4,61
4 Akranes	01.maí.96 C1	32345	9010	100	3,12	9,16	6,98	5,48	4,68	4,41
5 Hveragerði	01.ágú.93 B1	54382	9805	100	2,86	9,67	7,22	5,49	4,58	4,27
6 Vestfirðir	01.apr.96 B1	0	12341	92	2,72	9,82	7,26	5,56	4,61	4,34
7 Sauðárkrúkur	01.okt.91 B1	11083	11083	95	2,95	9,67	7,25	5,62	4,72	4,46
8 Vestmannaeyjar	19.apr.96 C2	5660	13748	80	3,10	10,04	7,54	5,87	4,94	4,67
9 Hafnarfjörður	01.apr.96 C2.V	54755	8610	100	4,57	##	9,65	7,46	5,92	5,11
10 Reykjavík	01.apr.96 B1.V	54780	9263	97,3	4,57	##	9,86	7,58	5,98	5,13
11 Húsavík	01.maí.95 B1	48495	10915	100	3,11	10,54	7,86	6,00	5,01	4,68
12 Rarik	01.apr.96 B1.V	43202	7714	83	4,01	##	10,54	7,97	6,19	5,23
13 Reyðarfjörður	01.maí.96 3.3	4482	13695	100	2,90	11,52	8,41	6,34	5,19	4,86

Sumarverð:

Reykjavík	01.apr.96 B1.S				2,10
Akureyri	01.jan.95 B1.S				1,98
Hafnarfjörður	01.apr.96 C2.S				2,20
Rarik	01.apr.96 B1.S		5397	77	2,55

Hlutfall afverðs í sölu


Reiknað er meðalverð vetrar- og sumarverðs: vetrarverð (7/12), sumarverð (5/12).

Samanburður gjaldskráa aftaxta getur verið villandi þar sem víða eru gerðir sérsamningar um afkaup.


Markartar

Gildis- taka	Taxti Fasta- gjald	Aflgjald kr/kW/ár	Hlutfall í afli %	Orkugjald kr/kWh	Verð í kr./kwh, miðað við 600 - 5000 kWh ársnotkun.					
					kW h	10 4000	10 5000	20 4000	20 5000	75 4000
Vestfirðir	01.apr.96 A5	15154	7575,65	100	2,73	1,09	6,56	6,19	6,56	6,19
Rarik	01.apr.96 A5	14268	8217	100	3,44	1,14	7,21	6,80	7,21	6,80


**Samorka - Gjaldskrársamanburður.
Aftaxti m.v. 4000 klst. nýtingu.**



**Samorka - Gjaldskrársamanburður.
Rafhitun - Daghitun.**



**Samorka - Gjaldskrársamanburður.
Rafhitun - Næturhitun**



Fylgiskjal VIII.

Umsögn Hitaveitu Suðurnesja.
(5. desember 1996.)

Í upphafi er rétt að geta þess, að þar sem ekki hefur verið stjórnarfundur frá því ofangreint bréf barst (verður 12. des.) er þessi umsögn samin af undirrituðum. Jafnframt er vísað til athugasemda sem fram komu á fundi undirritaðs og Alberts Albertssonar aðstoðarforstj. með iðnaðarnefnd Alþingis þann 28. nóv. s.l., en helstu athugasemdir Hitaveitu Suðurnesja eru:

1.

Segja má að einn helsti galli við þetta frumvarp sé það sem ekki er í frumvarpinu. Þá má og segja, að þar sem yfirlýstur tilgangur breytinganna er í raun ekki að bæta rekstur eða hag Landsvirkjunar, eða viðskiptavina hennar, heldur hag eigenda Landsvirkjunar, geti viðskipta- og að hluta samkeppnisaðili eins og Hitaveita Suðurnesja vart búist við að breytingar séu ætlaðar til bóta. Í mógildandi lögum um Landsvirkjun eru ýmis ákvæði sem brýnt er að breyta, til að koma á edlilegra og hagkvæmara viðskiptaumhverfi í raforkuiðnaðinum. Má þar nefna 1. tölulið 2. gr. laganna ("Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsveitna....."), 1. málsgrein 3. gr. laganna ("Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt") og 4. megingrein 6. gr. laganna ("Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu"). Þessar greinar hafa verið túlkaðar í heild á þann hátt, að Landsvirkjun beri að virkja (kvöðin) og síðan beri öllum að kaupa af fyrirtækinu ("verðlaunin"), án tillits til verðs, annarra örkuöflunarmöguleika eða almennra viðskiptasjónarmiða. Slikt kerfi hlýtur til lengri tíma litið að verða dýrt og óhagkvæmt og óviðunandi með öllu að þau fyrirtæki, sem annast raforkudreifingu, hafi ekki möguleika á að leita leiða til lækkunar á sínum lang stærsta útgjaldalið.

2.

Í annari grein frumvarpsins er vitnað til eigendaframlaga í formi stofnframlaga o.s.fr. Það hefur einkennt orkuiðnaðinn á Íslandi frá upphafi, að hann hefur nánast eingöngu verið fjármagnaður með lánsfé (auk styrkja ?; Marshall aðstoð ?).

Tilgangur hans var að útvega viðskiptavinum örugga og ódýra raforku. Til að raforkan yrði ódýr varð að borga lánin niður mun hraðar en sem svaraði afskriftartíma mannvirkja, og því varð til eigið fé. Þegar síðan eru gerðar skipulagsbreytingar í orkugeiranum með stofnun Landsvirkjunar, þá er það eigið fé sem safnast hafði upp með greiðslum orkunotenda lagt fram og **hét þá stofnframlög!** Á þessu fé (u.þ.b. 14 milljarðar) er í raun engin mumur og á þeim u.þ.b. 12 milljörðum sem afgangur eru af eigin fé Landsvirkjunar, þarna er aðeins um mismunandi tímabil að ræða. Með einfaldri nafnbreytingu á Landsvirkjun nú hefði verið hægt með sama hætti að ná stofnframlögum í 26 milljarða!, þ.e. leggja það inn í "nýja" fyrirtækið. Þessi boðaða arðgreiðsla leiðir til hærri gjalda á þá sem hafa í raun greitt stofnframlögin (raforkunotendur), og miðað við núverandi kerfi komast þeir ekki undan að halda greiðslunum áfram, jafnvel þó mun hagkvæmari kostir standi til boða. Í venjulegum rekstri er hluti stofnkostnaðar tekin að láni, og greiddur af því vextir, og hluti sem stofnframlög, og þá greiddur arður. Hér er allt tekið að láni, og greiddur af því vextir, og auk þess á að greiða arð! Ábyrgð eigendanna hefur í raun engin verið, því ef á bjátar er gjaldskrá hækkuð (nú 45 - 50% yfir langtíma jaðarkostnaði) og því hafa í raun viðskiptavinir borið alla ábyrgð á því hvernig til tekst!

3.

Sú arðgreiðsla sem boðuð er hlýtur að leiða til hærri gjaldskrár Landsvirkjunar en annars yrði. Það hefur ítrekað komið fram á síðust árum, að ef t.d. Hitaveita Suðurnesja framleiddi sitt rafmagn sjálf, þannig að tekjur Landsvirkjunar minnkuðu um u.þ.b. 230 m.kr., leiddi það til hækkunar hjá öðrum viðskiptavinum Landsvirkjunar. Arðgreiðslur, jafnvel allt að 700 - 800 m.kr., hlýtu að hafa þeim mun meiri áhrif!

4.

Í frumvarpinu er verið að taka nokkur litil skref í átt til hlutafélagsformsins, en um leið virðist stefnt að því að halda orkumálum landsmanna áfram, a.m.k. næstu 8 árin í sömu heljargreipum miðstýringar og einokunar. Slik skref geta því vart talist meira en frekar vandræðalegt yfirlór, þ.e. verið er að setja nýjar umbúðir um gamla kerfið og vona að það verði umbúðirnær sem skoðaðar verða en ekki imihaldið. Þetta er gert, þrátt fyrir að umfangsmiklar breytingar hafi verið gerðar, og séu að gerast, á raforkuiðnaðinum almennt á norðurlöndum og í Evrópu, þar sem megin markmiðið er aukin hagkvæmni og skilvirkni. Slikt virðist ekki þurfa hér, eða hvað? Boðaðar hafa verið breytingar á orkulöggjöf landsmanna og 19 manna nefnd iðnaðarráðherra hefur nýlega skilað álit, þar sem segja má að einhugur væri um að vissar breytingar væru nauðsynlegar. Ekki verður séð að neitt samræmi sé milli þessa lagafrumvarps og þeirra tillagna sem þar komu fram, og er það miður.

5.

Yfirlýsingar um raunlækkar gjaldskrár í framtíðinni eru ekki nýjar af nálinni og vart frekar marktækar nú en áður. Geysileg óvissa er um þróun orkumála, stóriðju o.s.fr. þannig að slíkar yfirlýsingar, og jafnvel um leið og tilkynningar berast um hækkar (3,2% 1. apríl 1997), eru ekki mikils virði. Þá má sjá fyrir sér áreiktra milli þessara hugleiðinga um lækkun gjaldskrár við auknar arðsemiskröfur, og er það atriði óskýrt með öllu.

6.

Gert er ráð fyrir í 1. gr. að Landsvirkjun verði heimilt að selja tækniþekkingu og aðra sérþekkingu til annarra aðila hér á landi. Í þessu sambandi þarf að gæta þess vel, að við núverandi aðstæður fari Landsvirkjun ekki í samkeppni við aðra innlenda aðila á þessu sviði (verkfræðistofur o.fl.). Hinsvegar er sjálfsagt að sú sérþekking sem Landsvirkjun ein býr yfir nýtist, þannig að ekki þurfi að finna blessað hjólið upp enn eimu sinni.

Virðingarfyllt,
f.h. Hitaveitu Suðurnesja

Júlíus Jónsson, forstjóri.

Fylgiskjal IX.**Frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.**

Árið 1996, fimmtudaginn 21. nóvember klukkan 18.00 var haldinn fundur í stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum. Fundurinn var haldinn að Háaleitisbraut 11 í Reykjavík. Mættir voru: Arngrímur Blöndal, Ólafur Kristjánsson og Magnús B. Jónsson. Guðrún S. Hilmisdóttir ritaði fundargerð. Eftirfarandi gerðist:

1. *Verkaskipting stjórnar.* Ólafur Kristjánsson setti fundinn, og var fyrsta mál á dagskrá kosning formanns stjórnar. Magnús B. Jónsson var kosinn formaður og tók við stjórn fundarins.
2. *Fundargerð stofnfundar, stofnskrá og listi yfir stofnsveitarfélög* Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum lagt fram. Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt að senda þessi gögn út til sveitarfélaganna og óska eftir staðfestingu á stofnaðildinni.
3. *Kynning á stofnun samtakanna.* Samþykkt að senda kynningarbréf til eftirfarandi aðila, greina frá stofnun samtakanna og óska eftir stuðningi við að ná fram markmiðum samtakanna: Landshlutasamtökum sveitarfélaga, Rarik, Orkubúi Vestfjarða, Landsvirkjun, orkuráði, Orkustofnun, Árna Magnússyni, formanni nefndar iðnaðarráðherra, svo og iðnaðarráðherra, með ósk um samvinnu svo og að samtökin fái að fylgjast með starfi starfsnefndar ráðherrans.
4. *Minnisblað iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dags. 18. nóvember 1996* varðandi orkusparnaðaráttak lagt fram og rætt.
5. *Útreiknigrunnur frá RARIK dags. 18. nóvember 1996 fyrir Hofshrepp* lagður fram og ræddur.
6. *Næstu skref.* Rætt var að auka þurfi fé til styrktar því að hægt sé að leita að heitu vatni til húshitunar á köldum svæðum. Senda iðnaðarráðherra bréf þar sem farið verði fram á frekari stuðning við rannsóknir á þessu sviði. Einnig rætt um hugsanlegan stuðning frá RARIK til að kosta útreikninga á valkostum fyrir sveitarfélög.
7. *Söfnun á upplýsingum.* Taka þarf saman lista yfir gögn sem æskilegt er að koma á framfæri við aðildarsveitarfélög. Athuga þarf hvaða upplýsingar eru til hjá Samorku.
8. *Næsti fundur.* Stefnt að því að halda næsta fund í lok janúar 1997.

**Stofnskrá Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum
samþykkt á stofnfundi 20. nóvember 1996.**

1. gr.

Nafn samtakanna er Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

2. gr.

Sérhvert sveitarfélag sem telur sig hafa hagsmuni af starfsemi samtakanna skv. 3. gr. getur verið aðili að samtökunum.

3. gr.

Tilgangur samtakanna er:

- a. Að vinna að lækkun orkukostnaðar til húshitunar á „köldum svæðum“.
- b. Að stuðla að (frekari) jarðhitaleit.
- c. Að afla og dreifa upplýsingum um orkumál til aðildarsveitarfélaga.
- d. Að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til orkusparnaðar.

4. gr.

Ársfund samtakanna skal halda í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og eiga allir fulltrúar aðildarsveitarfélaga sem sitja ráðstefnuna seturétt á ársfundi. Komi til atkvæðagreiðslu hefur hvert sveitarfélag eitt atkvæði.

5. gr.

Til ársfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara.

Á dagskrá ársfundar skal m.a. vera:

- a. Skýrsla stjórnar.
- b. Ársreikningur og fjárhagsáætlun.
- c. Umræður og ályktanir um orkumál.
- d. Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja manna til vara.
Stjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn samtakanna ræður málum milli ársfunda. Formaður boðar stjórnarfundi.

7. gr.

Árgjald aðildarsveitarfélaga er 10.000 kr.

8. gr.

Samþykktum þessum má breyta á ársfundi samtakanna. Til breytinga á samþykktum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mætttra fulltrúa.

Fylgiskjal X.**Umsögn Rafveitu Hafnarfjarðar.**

(5. desember 1996.)

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun (LV). Frumvarp þetta er í 9 greinum og hefur Rafveita Hafnarfjarðar (RH) athugasemdir við aðra grein frumvarpsins.

Augljóst er að ákvæði 2. greinar frumvarpsins, um arðgreiðslur til hluthafanna Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og ríkissjóðs, mun leiða til hækkunar á verði á raforku til Rafveitu Hafnarfjarðar og annarra rafveitna. RH hefur enga möguleika á að kaupa raforku annars staðar frá, þannig að RH mun neyðast til að hækka gjaldskrá sína.

Rafveita Hafnarfjarðar mótmælir því harðlega að LV greiði eigendum sínum arð, á meðan hún selur raforku til stóriðju á 12,5 - 18 mill/kWh, á sama tíma og hún selur R H á um 44 mill/kWh. LV mun og selja öðrum rafveitum á svipuðu verði eftir sömu gjaldskrá.

Rafveita Hafnarfjarðar telur því eðlilegra að í stað arðgreiðslu til fyrrnefndra eigenda LV verði gjaldskrá LV lækkuð sem næmi fyrirhuguðum arðgreiðslum.

Rafveita Hafnarfjarðar telur rétt að unnið verði áfram að þróun raforkumála í anda þess sem fram kemur í skýrslu ráðgjafanefndar (Framtíðarskipan orkumála, tillögur um breytingar), sem iðnaðarráðherra skipaði þann 18. apríl s.l.

Virðingarfyllst,
f.h. Rafveitu Hafnarfjarðar

Jón G. Hermannsson.

Fylgiskjal XI.**Frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.**

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi haldinn í Stykkishólmi 1.–2. nóvember 1996 vekur athygli á hve orkukostnaður er stór þáttur í útgjöldum heimila og fyrirtækja í kjördæminu.

Þar sem raforkusala Landsvirkjunar og verðlagning hennar varðar miklu um þróun raforkuverðs til almennings og atvinnufyrirtækja mótmælir fundurinn arðgreiðslum Landsvirkjunar.

Fundurinn fagnar væntanlegri uppbyggingu stóriðju í kjördæminu sem leiðir til aukinnar orkusölu og fjölgar atvinnutækifærum. Gera verður þá kröfu að uppbygging stóriðju styrki stöðu Landsvirkjunar og leiði til lækkunar raforkuverðs til almennings.

Fylgiskjal XII.**Umsögn Bæjarveitna Vestmannaeyja.**
(4. desember 1996.)

Ég vil byrja á því að fagna þeirri umræðu sem nú hefur farið fram um skipan orkumála í landinu, og útgáfu skýrslu 19 manna nefndar iðnaðarráðherra, um “framtíðarskipan í orkumálum”. Í skýrslunni koma fram margar góðar hugmyndir sem að mínu mati eru byggðar á góðri þekkingu á aðstæðum hér á landi. Nokkrar þessara hugmynda eru róttækar, og þarf því vafalaust einhverja málamiðlum til að hrinda þeim í framkvæmd.

Frumvarp það sem hér er til umræðu virðist ganga þvert á megin hugmyndir fyrrnefndrar skýrslu. Þar er lagt til að markaðsöflin verði virkt. En til þess að svo megi verða þurfi að aðskilja framleiðslu og flutningi raforku, með það að markmiði að koma á virkri samkeppni í dreifingu og sölu orkunnar.

Sú grein í frumvarpi þessu sem að mínu áliti stenst ekki nútíma hugsun, er önnur grein lagana. Í stað þess að aðstæður ráði arðgreiðslum, þá setjast þeir aðilar niður sem teljast til eigenda Landsvirkjunar, og ákveða hvað þeir ætla að bera úr bítum.

Ástæða þess að ég undir strika að þessir aðilar teljist til eigenda Landsvirkjunar er, að þeirri spurningu hefur aldrei verið svarað nægilega skýrt, hvort framlög þeirra til fyrirtækisins hafi verið í formi peninga úr sjóðum bæjarfélagana eða e.t.v. í formi gjafa frá erledum aðilum. Og ef þeirra framlög þeirra voru í formi gjafa, hvort þær gjarfir hafi verið til ákveðina sveitarfélaga eða til þjóðarinnar allrar. Þetta er grundvallar spurning sem verður að svara áður en hægt er að rökstyðja lagasetningu þessa.

Eins má nefna að verðgildi Landsvirkjunar hefur myndast m.a með viðskiptum við aðrar rafveitur og tel ég því rétt að þær njóti framlaga sinna jafnt á við þá aðila sem teljast til eigenda fyrirtækisins.

Það sem undirrituðum finnst skipta megin máli í endurnýjun laga fyrir Landsvirkjun, er að tryggja að þær sveitarfélagaveitur sem ekki geta haft bein viðskipti við Landsvirkjum verði tryggt, sama innkaupsverð og þær veitur sem geta tengst byggðalínu beinnt og þar með haft bein viðskipti við Landsvirkjun.

Það sem einnig verður að tryggja, er að gjaldskrá Landsvirkjunar fyrir almenningaveitur, verði ekki hærri en langtíma jaðarkostnaður raforkunar, þ.e.a.s. heildarkostnaður við byggingu og rekstur raforkukerfisins.

Í okkar tilfalli hér hjá Bæjarveitum Vestmannaeyja, tókum við þátt í rekstri tveggja dreifikerfa. Rarik sem er okkar viðskiptaaðili, kaupir raforku beinnt frá stöðvarvegg Búrfellsvirkjunar, og tengist því ekki dreifikerfi Landsvirkjunar, en engu að síður borgar sama verð fyrir orkuna og aðilar sem flytja orku sína um byggðalínu. Síðan er okkur seld þessi orka af Rarik, þar sem lagt hefur verið á álag vegna flutnings í þeirra dreifikerfi, m.ö.o. við tókum þátt í rekstri tveggja dreifikerfa. Það er því skoðun mín og annara stjórnaenda minni veitna sem eru í ámóta aðstöðu, að þessu þurfi að breyta svo allir sitji við sama borð.

Það er því tillaga mín að í stað þess að ákveða leikreglur þær sem gilda eigi fyrir orkugeirann til ársins 2004, með einhliða ákvörðun þriggja aðila, legg ég til að farið verði í að útfæra þær tillögur sem koma fram í skýrslu 19 manna nefndarinnar, með það að markmiði að ná fram svipuðum leikreglum og verið er að innleiða á hinum norðurlöndunum og komið er inn á í skýrsluni. Þar sem tekið verði tillit til hagsmuna heildarinnar en ekki bara nokkura eins og hér er lagt til.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson, veitustjóri.

Fylgiskjal XIII.**Bréf til iðnaðarnefndar frá Landsvirkjun.**

(3. desember 1996.)

Við er til fundar nefndarinnar 28. nóvember sl., með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun. Hér á eftir fylgja svör við þeim spurningum nefndarinnar sem ekki var unnt að svara á fundinum sjálfum.

1. **Núvirt sjóðsstreymi sem JP Morgan byggir mat sitt á - ár fyrir ár.**

Meðfylgjandi er súlurit (fskj. 1) sem sýnir áætlað sjóðsstreymi (free cash flow) fyrir árin 1996-2010 sem JP Morgan notaði við mat sitt á Landsvirkjun. Svokallað "free cash flow" eru tekjur Landsvirkjunar að frádrögnum almennum rekstrar- og viðhaldsgjöldum.

2. **Hverju munar í lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar ef flutningur og framleiðsla er aðskilin eða ef aukin samkeppni kemur til í framleiðslunni.**

JP Morgan segir ekki til um það í skýrslu sinni hver verði lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar ef flutningur og framleiðsla verða aðskilin í sérstök fyrirtæki eða ef til samkeppni kemur í framleiðslu raforku. Bankinn segir hins vegar að komi til þessa muni lánshæfiseinkunn verða verulega lægri en í óbreyttu fyrirtæki og notar orð eins og "material impact" þar um. Ekki er unnt að svara til um hver yrði lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar við fyrrgreindar aðstæður án þess að ráðast í sérstaka athugun með tilheyrandi kostnaði.

3. **Hverjar yrðu niðurstöður á mati JP Morgans á Landsvirkjun t.d. við verstu og bestu forsendur?**

Næmniathuganir eru til þess fallnar að athuga hverjir séu helstu áhrifaþættir í rekstri fyrirtækja. Þær eru unnar á þann hátt að hreyft er við einni breytistærð á meðan öllum öðrum er haldið óbreyttum og áhrif hinnar tilteknu breytistærðar skilgreind með þessu móti. Það er talið fræðilega mjög hæpið að skoða hvort heldur er bestu eða verstu forsendur í næmniathugunum JP Morgan í þeim tilgangi að finna út mögulegt hæsta eða lægsta markaðsvirði Landsvirkjunar þar sem líkur á slíkum útkomum eru óverulegar. Þá getur breyting á einum þætti haft í för með sér gagnstæða breytingu á öðrum. Ef litið er á skýrslu JP Morgan sem nefndarmenn í iðnaðarnefnd Alþingis hafa fengið til yfirlstrar þá má reikna út bestu og verstu útkomu í mati á Landsvirkjun miðað við nokkrar forsendur.

	Breytingar á mati í m.kr.	
	Bestu forsendur	Verstu forsendur
Meðalvextir verði 9,5%, eða 10,5% í stað 10%	4.721	- 4.163
Gjaldskrárbreyting 2001-2010 verði + 1% eða -4% á ári í stað 3%	19.258	- 2.959
Eftirspurnarbreyting á raforku verði 4% eða 0% í stað 2%	1.357	- 1.139
Álverð verði 30% hærra eða lægra en áætlað er	9.339	- 9.685
Rekstrarkostnaður verði 15% hærra eða lægri en áætlað er	<u>4.861</u>	<u>- 4.861</u>
Breyting á mati	39.536	- 22.807
Mat JP Morgan	<u>24.299</u>	<u>24.299</u>
	<u>63.835</u>	<u>1.492</u>

Það skal enn á ný áréttað að útreikningar sem þessir eru einungis til að sýna áhrif verstu og bestu tilvika en það er mat JP Morgan að ekki séu neinar líkur til að forsendur sem þessar gangi eftir samtímis.

4. Hreint veltufé (EBITDA) sem hlutfall af heildarskuldum 1986-2010.

Meðfylgjandi er línurit (fskj 2) sem sýnir þróun þessa hlutfalls á árunum 1986-2010. Miðað er við heildartekjur Landsvirkjunar að frádregnum beinum rekstrar- og viðhaldskostnaði (vaxtagjöld og afskriftir ekki innifalin) sem hlutfall af langtímaskuldum í lok hvers árs.

5. Til hvaða aðila var leitað vegna hugsanlegra kaupa á hlut í Landsvirkjun og hver voru viðbrögð þeirra?

Leitað var til eftirtalinna fyrirtækja um hugsanleg kaup á hlut í Landsvirkjun:

1. Vattenfall í Svíþjóð.
2. Statkraft og Hafslund í Noregi.
3. PreussenElektra og RWE í Þýskalandi.
4. Scottish Hydro í Bretlandi.
5. EDF í Frakklandi.
6. Dominion Energy og Houston Industries í Bandaríkjunum.

Fyrirtækin lýstu öll áhuga á Landsvirkjun sem fjárfestingarkosti en mestur virtist áhuginn hjá fyrirtækjum á Norðurlöndunum. Öll fyrirtækin sem rætt var við lögðu áherslu á að ákvörðun um fjárfestingar í Landsvirkjun réðust af reglugerðarumhverfi fyrirtækisins og arðsemismarkmiðum.

6. **Hver er munur á matsvirði Landsvirkjunar með og án ábyrgðar eigenda?**

Ekki er hægt að veita ákveðið svar við þessari spurningu. Líkur benda þó til að matsverðið verði eitthvað lægra ef núverandi eigendur veita ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsvirkjunar en ekki er ástæða til að ætla að þessi munur sé verulegur. Fjármagnskostnaður Landsvirkjunar mun væntanlega hækka lítillega ef ábyrgðarinnar nýtur ekki við, en það hefur áhrif til lækkunar á mati fyrirtækisins. Á móti er það sjónarmið fjárfesta að með niðurfellingu ábyrgðar eigenda muni opinber afskipti af gjaldskrárverði og öðrum rekstrarþáttum Landsvirkjunar hverfa sem hefur áhrif til hækkunar á markaðsvirði fyrirtækisins.

7. **Langtímaskuldir Landsvirkjunar 1990-2020.**

Meðfylgjandi er línurit (fskj. 3) sem sýnir þróun langtímaskulda Landsvirkjunar 1990-2010 með og án álvers Columbia Ventures og stækkunar Járblendifélagsins.


8. **Áætlað eigin fé og greiðslur arðs og ábyrgðargjalds án álvers Columbia Ventures og stækkunar Járblendifélagsins.**


Meðfylgjandi (fskj. 4) eru súlurit sem sýna með og án álvers Columbia Ventures og stækkunar Járblendifélagsins áætlaða þróun eigin fjár Landsvirkjunar og áætlaðar arðgreiðslur og greiðslu ábyrgðargjalds á árunum 1996 til 2010.


Þá er einni spurningu enn ósvarað sem fjallaði um hve mikið Landsvirkjun hefði greitt í skatta frá upphafi ef fyrirtækið hefði ekki notið skattfrelsis. Þetta mál er í athugun en óvíst hvort viðhlítandi svar muni liggja fyrir á næstunni, enda er hér um flókna útreikninga að ræða.


Virðingarfyllst,

Örn Marinósson,
framkvæmdastjóri fjármála- og markaðssviðs.












Áætlað eigið fé án nýrrar stóriðju
m.kr. á verðlagi ársins 1996



Áætlaðar arðgreiðslur og greiðsla áb.gjalds án nýrrar stóriðju
m.kr. á verðlagi ársins 1996



Áætlað eigð fé með Columbia og stækkun FeSi
m.kr. á verðlagi ársins 1996



Áætlaðar arðgr. og greiðsla ábyrgðargjalds með Columbia og st. FeSi
m.kr. á verðlagi ársins 1996

Fylgiskjal XIV.**Umsögn Rafveitu Sauðárkróks.**
(2. desember 1996.)

Það skal tekið fram strax í upphafi að undirritaður forstöðumaður Rafveitu Sauðárkróks telur brýna nauðsyn bera til að heildar endurskoðun á lögum og reglum um eignarhald og skipulag raforkugeirans í heild eigi sér stað og af þeim sökum er ég fullkomlega andvígur samþykkt þessa frumvarps í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Hér er komið frumvarp um einn þátt þess mikla verkefnis sem framundan er í áðurnefndri endurskoðun, þannig upp byggt, að það heftir um langa framtíð aðrar bráðnauðsynlegar breytingar innan orkugeirans.

Þetta frumvarp er augljóslega samið af þeim þremur aðilum sem teljast eigendur Landsvirkjunar og þarna eru hagsmunir þeirra niður njörvaðir til margra ára og ekkert tillit tekið til heildarhagsmuna orkugeirans eða þeirra aðila sem ekki eru í beinum viðskiptum við fyrirtækið, en eiga þó mikilla hagsmuna að gæta.

Þetta er þeim mun alvarlegra vegna þess að LV er risi í samfélagi raforkufyrirtækjana og ber ægishjálmið yfir þau öll.

Það er öllum kunnugt sem kynnt hafa sér orkumál nágrannaþjóðanna að þar á sér stað gríðarleg breyting á þeim málaflokki, á þann veg að gömlum gildum

er kollvarpað og greinin lätin aðlagast nútíma viðskiptaumhverfi og lögmálum markaðarins.

Erlendis gerist þetta af frumkvæði stjórnvalda og oft á tíðum í andstöðu við forsvarsmenn fyrirtækjanna, sérstaklega stóru opinberu orkufyrirtækjana.

En þetta frumvarp sem hér er til umræðu ber með sér að forustumenn þessa risastóra opinbera fyrirtækis, hafa mótað stefnu sem fellst í því að halda öllu óbreyttu og taka ekki tillit til nýrra tíma og nýrra sjónarmiða. Hér er bráðnauðsynlegt að viðsýnir stjórnmalamenn komi til skjalanna og grípi í taumana.

Það kemur reyndar fram í viðaukum með frumvarpinu að mönnum er kunnugt um þessi breyttu viðhorf í nágrannalöndunum, en það virðist sem höfundar séu sleignir þeirri trú að þessi sjónarmið eigi alls ekki við í okkar samfélagi og að hér sé allt svo sérstakt og öðruvísi en annarsstaðar að það þurfi að binda allan orkugeirann á klafa forsjarhyggju og stöðnunar.

Þetta frumvarp horfir ekki til framfara og það er að því leyti furðulegt að það er lagt fram örfáum dögum eftir að 19 manna nefnd iðnaðarráðherra, undir forustu Þórðar Friðjónssonar, skilar tillögum um “framtiðarskipan í orkumálum”.

Þetta frumvarp gengur þvert á allt það besta sem fram kemur í tillögum þeirrar nefndar.

Í þeim tillögum eru góðar hugmyndir, byggðar á viðsýni, og þótt þær beri með sér að menn hafi þurft að ná fram málamiðlunum, þá er augljóst að málefnið hefur verið skoðað af skilningi.

Þar velta menn fyrir sér nýjum hugmyndum og gera sér grein fyrir að virkja verður markaðsöflin, aðgreina framleiðslu og flutning og koma á virkri samkeppni, bæði í framleiðslu og sölu raforkunnar.

Þar gera menn sér grein fyrir að stærð Landsvirkjunar er allt of mikil og skekkir alla möguleika á samkeppni í framleiðslunni, enda er eitt miklu þúðri í vangaveltur um uppskipti á fyrirtækinu og augljóst að menn telja það mikla kosti að slík uppskipting fari fram.

Sérstaklega eru þó menn sammála um að aðskilnaður flutnings og framleiðslu er grundvallar atriði.

Undirritaður vill reyndar að skoðað sé gaumgæfilega hvort ekki finnist kostir við að skipta Landsvirkjun upp í fleiri en tvö hlutafélög, kannski eitt hlutafélag um virkjun hvers vatnasvæðis og ná þannig fram hagkvæmasta samanburðinum á því hvort eða hvaða virkjanir séu hagkvæmar.

Um það hver eigi síðan hlutabréfin í hverju þessara fyrirtæki, það er tæknileg spurning sem óþarft er að svara á þessu stigi málsins.

Vangaveltur eins og fram koma í athugasemdum með frumvarpinu um láns hæfni og vandamál vegna starfsmannasamninga og þar fram eftir götunum er léttvæg umræða í þessu samhengi.

Það á að vera liðin tíð að virkjanir séu svo algjörðlega byggðar fyrir lánsfé, að prósentu brot í lánskjörum á alheims lánamarkaði setji heilli þjóð stólinn fyrir dymar í því að laga orkukerfi sitt að nútíma viðskipta háttum, það er ekki viðunandi.

Það er að minnstakosti ekki ásættanlegt lengur að virkjanir fyrir almenna orkumarkaðinn séu ekki byggðar og fjármagnaðar af innlendu fé og að orkuverðið sé eitthvað annað en raunverulegur kostnaður gefur tilefni til. Leita á allra leiða til að láta verð á orku til almennings vera í takt við eðlilegan kostnað við orkuöflunina og dreifinguna í landskerfinu. Hvort tekin verði erlend lán til orkuöflun fyrir erlenda stóriðju, það á að vera allt annað mál og óviðkomandi frjálsum orkumarkaði.

Það að eigendur Landsvirkjunar setji sér markmið í rekstri fyrirtækisins og ætli að taka sér arðgreiðslur, það er ekki nema sjálfsagt, en slíkt á ekki að binda í reglugerð fyrirtækisins, eða vera grundvöllur fyrir nýrri lagasetningu einstaks fyrirtækis innan orkugeirans.

Reyndar orkar þessi áætlun um arðgreiðslurnar til eigenda tvímælis svo ekki sé meira sagt, því þótt náðst hafi samkomulag milli eigendana um verðgildi eignarhluta og arðgreiðslur þar af, þá ber nauðsyn til að þjóðin sé sáttt við samkomulagið og það þarf að ríkja sáttt um þessa eignarskiptingu.

Almenningur spyr hver voru raunveruleg framlög þessara eigenda í formi peninga og eigna og hvernig urðu framlagðar eignir til.

Er verið að greiða arð af framlögðum peningum úr borgar- og bæjarsjóðum, eða eignum sem eftir vill voru að einhverjum hluta lán og gjafir frá Marshall-aðstoðinni. Og ef svo er hver fékk þær gjafir, var það þjóðin, eða voru það þessi tvö bæjarfélög?

Þetta liggur kannski allt ljóst fyrir, en það þarf bara að upplýsa það af öðrum en nákvæmlega þeim sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

En ef það á nú fyrir orkugeiranum að liggja að starfa því sem næst óbreyttur og óbreytanlegur til ársins 2004, þegar menn ætla aftur að “athuga það hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun”. Ef það verður niðurstaða þessarar umræðu, þá vill undirritaður taka fram og leggja á það áherslu að það er algjörlega óviðunandi að binda flutninginn svona niður áfram.

Það er búið að benda á það í um áratug að fyrirkomulag á sölu rafmagns til nokkurra sveitarfélagsdreifiveitna er ekki í lagi og stenst tæpast samkeppnislög og þrátt fyrir 1.gr. laga um Landsvirkjun, þar sem kveðið er á um að tilgangur Landsvirkjunar sé að “vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsveitna”, þrátt fyrir þetta lagaákvæði hefur þetta ekki gengið eftir.

Enn er ríkið að láta annað ríkisfyrirtæki, RARIK, annast þetta verkefni, og það með stórkostlegum álögum sem bitna sérstaklega á viðskiptavinum þessara veitna og skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna gagnvart þeim sem fá að vera í viðskiptum við Landsvirkjun.

Í stað þess að samþykkja þetta frumvarp, leggur undirritaður til að stjórnvöld semji ný orkulög sem rúmi allar gerðir orkufyrirtækja og gangi síðan í að afnema forsjárhyggjuna og semji þá við sveitarfélögin um stofnun á svæðisbundnum dreifiveitum í stað ríkisrekinnar “einkasölu” sem enn er á höndum Rafmagnsveitna ríkisins. Slíkan samning má gera á svipuðum nótum og samningurinn um yfirtöku sveitarfélaganna á rekstri grunnskólans. Það væri fyrsta skrefið í að koma á virkri samkeppni á smásölumarkaðnum, því í framtíðinni yrðu þessar dreifiveitur hlutafélög og lytu lögmálum markaðarins eins og þarf að verða í þessum viðskiptum eins og öðrum ef raunveruleg hagkvæmni á að nást.

Virðingarfyllt,

Sigurður Ágústsson, rafveitustjóri.

Fylgiskjal XV.**Eiginfjárframlög, arðgreiðslur og ábyrgðargjald (í millj. kr.)**

Eigendur	Eigin- fjárframlög	Arð- greiðslur	Ábyrgðar- gjald
Ríkið	1.074	291	435
Reykjavík	957	261	388
Akureyri	118	29	48
Miðað við verðlag 1995	2.149	581	871